

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/463

2015/EES/46/46

frá 19. mars 2015

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á pólývínýlalkóhóli (E 1203) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 2) Þessar nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 7. september 2011 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefnið pólývínýlalkóhól (E 1203). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Núgildandi nákvæm skilgreining að því er varðar leysni matvælaaukefnisins pólývínýlalkóhóls (E 1203) er á þessa leið: „Leysanlegt í vatni, torleysanlegt í etanóli“. Stofnun heilsu- og neytendaverndar Sameiginlegrar rannsóknarmíðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins framkvæmdi rannsókn á leysni pólývínýlalkóhóls ⁽⁴⁾ til þess að uppfæra gögn um leysni í fyrirliggjandi nákvæmum skilgreiningum Sambandsins um leysni þess í etanóli.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á niðurstöður leysniþrófunar með pólývínýlalkóhóli, sem stofnun heilsu- og neytendaverndar framkvæmdi, og upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram ⁽⁵⁾. Matvælaöryggisstofnunin telur að breytingin á nákvæmu skilgreiningunni á leysni pólývínýlalkóhóls í etanóli hafi ekki áhrif á öryggi pólývínýlalkóhóls sem matvælaaukefnis.
- 6) Að teknu tilliti til framlagðrar umsóknar, rannsóknanna sem stofnun heilsu- og neytendaverndar framkvæmdi og mats Matvælaöryggisstofnunarinnar er rétt að breyta lýsingunni á leysni matvælaaukefnisins pólývínýlalkóhóls (E 1203) í etanóli ($\geq 99.8\%$) í „nánast óleysanlegt eða óleysanlegt“.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ João F. A. Lopes og Catherine Simoneau, 2014. Solubility of Polyvinyl Alcohol in Ethanol. EFSA supporting publication 2013:EN-483, 20 bls.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(9), 3820.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað nákvæmu skilgreiningarinnar um leysni í færslunni fyrir E 1203, pólývínýlalkóhól, í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 komi eftirfarandi:

Leysni	Leysanlegt í vatni, nánast óleysanlegt eða óleysanlegt í etanóli ($\geq 99.8\%$)
--------	--
